



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

Reglur um mat á hæfi og tilhlýðileika

1. Almenn atriði

Tilgangur

- 1.1. Reglunum er ætlað að tryggja að fjárfestingarþjónusta sem Íslensk verðbréf hf. („ÍV“ eða „félagið“) veita viðskiptavinum sínum sé, eftir því sem við á, hæfileg eða tilhlýðileg fyrir viðkomandi viðskiptavini.

Grundvöllur

- 1.2. Reglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem þau veita lagagildi eða eru settar á grundvelli þeirra, sbr. einkum ákvæði 54.-56. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

Gildissvið

- 1.3. Reglurnar eru settar á samstæðugrundvelli og gilda jafnt um ÍV og dótturfélög félagsins, eftir því sem við á.
- 1.4. Reglur þessar gilda einungis um viðurkennda gagnaðila að því marki sem slíkir aðilar hafa krafist þess, sbr. 2. mgr. 55. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Skilgreiningar

- 1.5. *Eignastýring*: Stjórnun eignasafns í samræmi við fjárfestingarstefnu sem er fyrir fram ákveðin af viðskiptavini.
- 1.6. *Fjárfestingarráðgjöf*: Persónulegar ráðleggingar til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinarins eða þess sem þjónustuna veitir.
- 1.7. *Önnur fjárfestingarþjónusta*: Fjárfestingarþjónusta, eins og það hugtak er skilgreint í 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

2. Ábyrgð

- 2.1. Forstöðumenn þeirra sviða sem veita þjónustu sem falla undir reglur þessar bera ábyrgð á að mat á hæfi og tilhlýðileika sé framkvæmt í samræmi við reglurnar.
- 2.2. Þegar þjónusta á sviði fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringar er að öllu leyti eða að hluta veitt í gegnum sjálfvirkt eða hálf sjálfvirkt kerfi liggur ábyrgðin á framkvæmd hæfismats hjá félaginu og notkun rafræn kerfis til að veita einstaklingsbundna ráðleggingu eða taka ákvörðun um viðskipti dregur ekki úr þeirri ábyrgð.
- 2.3. Ef upp koma vafaatriði við framkvæmd reglnanna, og/eða úrvinnslu og niðurstöðu mats á hæfi viðskiptavinar, ber að leita álits hjá regluverði.

3. Almenn ákvæði um mat á hæfi og tilhlýðileika

- 3.1. Óheimilt er að ráða viðskiptavini, eða hugsanlegum viðskiptavini, frá því að veita upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að félagið geti framkvæmt mat á hæfi eða tilhlýðileika.
- 3.2. Félaginu er heimilt að reiða sig á upplýsingar sem viðskiptavinir eða hugsanlegir viðskiptavinir þess veita, nema því sé kunnugt um eða ætti að vera kunnugt um að upplýsingarnar séu sannanlega úreltar, rangar eða ófullgerðar.
- 3.3. Þegar félagið veitir fjárfestingarráðgjöf þar sem mælt er með pakka skv. 38. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, eða veitir aðra fjárfestingarþjónustu með pakka, skal tryggja að hann hæfi viðskiptavini eða er tilhlýðilegur fyrir hann, eftir því sem við á, í samræmi við reglur þessar.
- 3.4. Þegar viðskiptavinur er lögaðili eða hópur tveggja eða fleiri einstaklinga, eða þegar einstaklingur kemur fram fyrir hönd eins eða fleiri annarra einstaklinga, skal mat á fjárhagsstöðu og fjárfestingarmarkmiðum miðast við lögaðilann eða viðskiptavininn sem stendur að baki viðskiptunum. Mat á þekkingu og reynslu skal hins vegar miðast við þann sem kemur fram fyrir hönd einstaklingsins eða þann einstakling sem hefur heimild til að eiga í viðskiptum fyrir hönd viðskiptavinarins sem stendur að baki honum og tilgreindur hefur verið sem slíkur af hálfu viðskiptavinar. Félagið skal við mat í flóknari tilvikum fylgja leiðbeiningum sem fram koma í viðmiðunarreglum ESMA um tiltekin atriði varðandi mat á hæfi: ESMA35-43-3172 (sjá *General guideline 6*) eða síðari viðmiðunarreglum sem við kunna að taka. Sjá einnig viðmiðunarreglur ESMA um tiltekin atriði varðandi tilhlýðileikamat og skyldur í tengslum við bein fyrirmæli: ESMA35-43-3006 (sjá *Guideline 6*).

4. Mat á hæfi

Almenn atriði

- 4.1. Félagið skal, þegar það veitir fjárfestingarráðgjöf eða annast eignastýringu, meta hvort vara eða þjónusta hæfi viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini. Þessi kafli fjallar um þær reglur sem gilda þegar mat á hæfi fer fram af hálfu félagsins þegar það veitir umrædda þjónustu.
- 4.2. Við hæfismatið skal félagið upplýsa viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini sína á skýran og einfaldan hátt um að tilgangur matsins sé að gera honum kleift að aðhafast með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi. Ekki skal valda tvíræðni, margræðni eða ruglingi að því er varðar ábyrgð ÍV í því ferli að meta hæfi í tengslum við fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerninga.
- 4.3. Félagið skal afla þeirra upplýsinga frá viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini sem nauðsynlegar eru svo félagið geti skilið mikilvægar staðreyndir um viðskiptavininn og hafi traustan grunn til að ákvarða, að teknu tilhlýðilegu tilliti til eðlis og umfangs veittrar þjónustu, hvort þau tilteknu viðskipti sem mæla á með eða eiga í sem hluta af því að veita þjónustu á sviði eignasafnsstýringar uppfylli eftirfarandi markmið:
 - a) þau hæfi fjárfestingarmarkmiðum viðkomandi viðskiptavinar, þ.m.t. með tilliti til áhættuþols hans og hvers kyns sjálfbærnióskir,
 - b) þau séu þess eðlis að viðskiptavinurinn sé fjárhagslega fær um að bera alla tengda fjárfestingaráhættu í samræmi við fjárfestingarmarkmið sín,
 - c) þau séu þess eðlis að viðskiptavinurinn hafi nauðsynlega reynslu og þekkingu til að skilja áhættuna sem felst í viðskiptunum eða í stýringu eignasafns hans.

- 4.4. Upplýsingar sem ÍV aflar samkvæmt framangreindu skulu gera félaginu kleift að veita viðskiptavini eða hugsanlegum viðskiptavini ráðleggingu um vöru eða þjónustu sem hæfir honum. Félagið skal gæta sérstaklega að því að varan eða þjónustan samræmist áhættuþoli og getu viðskiptavinar til að mæta tapi.
- 4.5. Félagið skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að upplýsingar sem aflað er um viðskiptavini eða hugsanlega viðskiptavini séu áreiðanlegar. Þetta felur m.a. í sér eftirfarandi:
- a) að tryggja að viðskiptavinir séu meðvitaðir um mikilvægi þess að veita réttar og uppfærðar upplýsingar,
 - b) að tryggja að öll töl, s.s. til áhættumats eða mats á þekkingu og reynslu viðskiptavinar, sem beitt er í hæfismatsferlinu þjóni vel tilgangi sínum og henti til mats á viðskiptavinum félagsins, og að allar takmarkanir séu tilgreindar og dregið sé úr áhrifum þeirra með virkum hætti í öllu hæfismatsferlinu,
 - c) að tryggja að spurningar sem notaðar eru í ferlinu séu líklegar til að vera skiljanlegar fyrir viðskiptavini og dragi fram bæði rétta mynd af markmiðum og þörfum viðskiptavinarins og þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar hæfismatinu og
 - d) að gera ráðstafanir, eftir því sem við á, til að tryggja samræmi í upplýsingum viðskiptavinar, s.s. að kanna hvort eitthvað sé augljóslega rangt í upplýsingum sem viðskiptavinir veita.
- 4.6. Fáí félagið ekki fullnægjandi upplýsingar skal ekki mæla með fjárfestingarþjónustu eða fjármálagerningum við viðkomandi viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin. Þá skal félagið ekki mæla með að ákveða að eiga í viðskiptum ef hvorki þjónustan né gerningarnir hæfa viðskiptavininum.
- 4.7. Ekki skal mæla með fjármálagerningum eða ákveða að eiga viðskipti með slíka gerninga sem uppfylla óskir viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar um sjálfbærni þegar þessir fjármálagerningar uppfylla ekki þessar óskir. Félagið skal útskýra fyrir viðskiptavinum eða hugsanlegum viðskiptavinum ástæður þess að það er ekki gert og halda skrá yfir þær ástæður.
- 4.8. Ef enginn fjármálagerningur uppfyllir óskir viðskiptavinarins eða hugsanlegs viðskiptavinar um sjálfbærni og viðskiptavinurinn ákveður að aðlaga sjálfbærnióskir sínar, skal félagið halda skrá yfir ákvörðun viðskiptavinarins, þar á meðal ástæður þeirrar ákvörðunar.
- 4.9. Félagið skal uppfæra/endurskoða mat á hæfi ef félagið hefur réttmæta ástæðu til að ætla að breytingar hafi orðið á högum viðskiptavinar sem máli skipta fyrir matið, langur tími sé liðinn síðan viðskiptavinur veitti þær upplýsingar sem hæfismat byggir á, eða viðskiptavinur óski sjálfur eftir að uppfæra þær upplýsingar sem liggja matinu til grundvallar.

Mat á hæfi almennra fjárfesta

- 4.10. Í þeim tilgangi að fullnægja þeim kröfum sem greinir í reglum þessum skal afla eftirfarandi upplýsinga frá viðskiptavinum sem flokkast sem almennir fjárfestar áður en þeim er veitt fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta.
- 4.11. Upplýsingar um fjárfestingarmarkmið, þ.m.t.:
- a) Hversu lengi viðskiptavinurinn óskar eftir að halda fjárfestingunni.
 - b) Óskir viðskiptavinar um áhættutöku.
 - c) Áhættusnið viðskiptavinar.
 - d) Tilgang með fjárfestingunni.
 - e) Óskir viðskiptavinar um sjálfbærni.

- 4.12. Upplýsingar um fjárhagslegan styrk, þ.m.t.:
- Uppruna og umfang reglulegra tekna viðskiptavinar.
 - Eignir viðskiptavinar, þ.m.t. lausafjáreigna, fjárfestinga og fasteigna.
 - Reglulegar fjárhagsskuldbindingar viðskiptavinar.
- 4.13. Upplýsingar um þekkingu og reynslu, þ.m.t.:
- Tegund þjónustu, viðskipta og fjármálagerninga sem viðskiptavinurinn þekkir.
 - Eðli, umfang og tíðni viðskipta viðskiptavinarins með fjármálagerninga og á hvaða tímabili þau hafa farið fram.
 - Menntunarstig og atvinnu, eða fyrri atvinnu viðskiptavinar, sem skiptir máli í þessu sambandi.
- 4.14. Þegar félagið veitir **fjárfestingarráðgjöf til almenns fjárfestis** skal, áður en viðskipti eiga sér stað, afhenda honum yfirlýsingu um mat á hæfi (*hæfisskýrslu*) þar sem tilgreint er hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum viðskiptavinarins, s.s. með hliðsjón af fjárfestingartíma, þekkingu og reynslu viðskiptavinar, viðhorfi hans til áhættu, getu viðskiptavinar til að taka á sig tap og óskum hans um sjálfbærni. Jafnframt skal félagið vekja athygli viðskiptavina á og veita í hæfisskýrslunni upplýsingar um það hvort hin ráðlagða þjónusta eða gerningar séu líkleg til að krefjast þess að viðkomandi almennur fjárfestir þurfi að sækjast eftir reglubundinni endurskoðun á hæfismati og skýrslu.
- 4.15. Veiti félagið þjónustu sem felur í sér reglubundna endurskoðun á hæfismati og hæfisskýrslu í tengslum við fjárfestingarráðgjöf er nægilegt að síðari skýrslur eftir að þjónustan hefst fjalli um breytingar á viðkomandi þjónustu eða gerningum og/eða aðstæðum viðskiptavinarins, og þurfa þær því ekki að endurtaka öll atriði fyrstu skýrslunnar.
- 4.16. Þjóði félagið upp á reglubundna endurskoðun á hæfismati í tengslum við fjárfestingarráðgjöf skal a.m.k. árlega endurskoða hve vel ráðleggingar sem félagið hefur gefið henta, í þeim tilgangi að bæta þjónustuna. Tíðni þessa mats skal aukin allt eftir áhættusniði viðskiptavinar og tegund fjármálagerninga sem mælt er með. Kröfurnar um að uppfylla óskir viðskiptavina um sjálfbærni skulu ekki hafa áhrif á framangreind skilyrði.
- 4.17. Ef um er að ræða samning um kaup eða sölu á fjármálagerningi með *fjarsölu* sem kemur í veg fyrir að hægt sé að afhenda hæfisskýrslu fyrir fram er félaginu heimilt að afhenda hana um leið og viðskiptavinurinn hefur skuldbundið sig með slíkum samningi, að því tilskildu að
- viðskiptavinur hefur samþykkt framangreint fyrirkomulag, og
 - honum hafi verið gefinn kostur á að fresta viðskiptunum til að hann geti mótttekið skýrsluna fyrir fram.
- 4.18. Þegar félagið annast eignastýringu eða hefur upplýst viðskiptavin um að félagið muni framkvæma reglubundna endurskoðun á hæfismati, skal matið innihalda uppfærða yfirlýsingu um hvernig fjárfestingin samræmist áherslum, markmiðum og öðrum þörfum hins almenna fjárfestis.
- 4.19. Þegar félagið veitir fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónustu sem felur í sér *skipti á fjármálagerningum* skal afla nægilegra upplýsinga um fjárfestingu viðskiptavinarins og leggja mat á ávinning og kostnað þess að skipta út fjármálagerningum. Félagið verður að geta sýnt fram á með fullnægjandi hætti að

ávinningur skiptanna vegi þyngra en kostnaðurinn. Þegar félagið veitir fjárfestingarráðgjöf skal upplýsa viðskiptavininn um það.

Mat á hæfi fagfjárfestis

- 4.20. Félaginu er heimilt að gera ráð fyrir að fagfjárfestir hafi nægilega þekkingu og reynslu til að eiga í viðskiptum með fjármálagerninga eða fá þjónustu, þar sem hann er flokkaður sem slíkur, án þess að afla sé upplýsinga um þekkingu og reynslu skv. gr. 4.13.
- 4.21. Þegar félagið veitir **fjárfestingarráðgjöf** og um er að ræða viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin sem er fagfjárfestir nægir almennt að afla upplýsinga um fjárfestingarmarkmið hans skv. gr. 4.11.
- 4.22. Þegar félagið veitir **eignastýringarþjónustu** og um er að ræða viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin sem er fagfjárfestir skal afla upplýsinga um fjárfestingarmarkmið hans skv. gr. 4.11 og einnig skal afla upplýsinga um fjárhagslegan styrk skv. gr. 4.12.

5. Mat á tilhlýðileika

- 5.1. Þegar félagið veitir viðskiptavini aðra fjárfestingarþjónustu en fjárfestingarráðgjöf og eignastýringarþjónustu ber almennt að meta hvort hún sé tilhlýðileg fyrir viðkomandi viðskiptavin.
- 5.2. Í þeim tilgangi að meta hvort önnur fjárfestingarþjónusta sé tilhlýðileg fyrir viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin ber að afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar eða hugsanlegs viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem máli skipta fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu, sbr. einnig gr. 4.13.
- 5.3. Félaginu er heimilt að gera ráð fyrir því að fagfjárfestir hafi þá reynslu og þekkingu sem nauðsynleg er til að skilja þá áhættu sem tengist viðkomandi fjárfestingarþjónustu eða viðskiptum, eða tegundum viðskipta eða afurða, sem viðskiptavinurinn er flokkaður sem fagfjárfestir fyrir.
- 5.4. Telji félagið á grundvelli veittra upplýsinga að viðkomandi vara eða þjónusta sé ekki tilhlýðileg fyrir viðskiptavin eða hugsanlegan viðskiptavin skal það upplýsa hann um það. Veita má slíka viðvörun á stöðluðu formi.
- 5.5. Veiti viðskiptavinur eða hugsanlegur viðskiptavinur ófullkomnar upplýsingar um þekkingu og reynslu eða lætur alfarið hjá líða að veita upplýsingar kemur það ekki í veg fyrir að önnur fjárfestingarþjónusta sé veitt ef viðskiptavinur er upplýstur um að félagið geti ekki lagt mat á hvort viðkomandi vara eða þjónusta sé tilhlýðileg fyrir hann. Heimilt er að veita slíka viðvörun á stöðluðu formi.
- 5.6. Félagið skal halda skrár um mat á tilhlýðileika sem fram fer, sem skulu innihalda eftirfarandi:
 - a) niðurstöðu tilhlýðileikamats,
 - b) allar viðvaranir sem gefnar hafa verið viðskiptavininum þegar fjárfestingarþjónusta eða kaup á afurð var metin sem mögulega ótilhlýðileg fyrir viðskiptavininn, hvort viðskiptavinurinn óskaði eftir því að halda áfram með viðskiptin þrátt fyrir viðvörunina og, eftir atvikum, hvort félagið samþykkti beiðni viðskiptavinarins um að halda áfram með viðskiptin,
 - c) allar viðvaranir sem gefnar hafa verið viðskiptavininum þegar hann veitti ekki nægjanlegar upplýsingar til að gera félaginu kleift að vinna tilhlýðileikamat, hvort viðskiptavinurinn óskaði eftir því að haldið yrði áfram með viðskiptin þrátt fyrir þessa viðvörun og, eftir atvikum, hvort félagið samþykkti beiðni viðskiptavinarins um að halda áfram með viðskiptin.

-
- 5.7. Félaginu er í sumum tilvikum heimilt að veita þjónustu í tengslum við **framkvæmd** eða **móttöku og miðlun fyrirmæla** án þess að afla upplýsinga eða framkvæma mat á tilhlýðileika, sbr. nánar ákvæði 5. mgr. 45. gr. laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

6. Eftirlit

- 6.1. Regluvörður hefur eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt og hefur umsjón með reglulegri endurskoðun þeirra.

7. Gildistaka

- 7.1. Breytingar á reglum þessum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf., 21. febrúar 2024